



Reykjavík 20. maí 2021

Efni: Upplýsingar fyrir starfsmenn bókasafna vegna kórónaveiru COVID-19

Gripið hefur verið til margvíslegra varúðarráðstöfunar til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar COVID-19. Eitt af því er að ítreka mikilvægi þrifa á öllum fjölförnum stöðum eins og bókasöfnum.

Nauðsynlegt er að yfirfara vel almenn þrif og bæta úr eftir þörfum í fjölförnum rýmum. Það þarf að huga vel að reglubundnum sértækum þrifum í sameiginlegum rýmum starfsmanna t.d. í kaffistofum, á borðum og öðrum snertiflötum.

Starfsfólk er hvatt til að sinna þrifum vel á sínum starfsstöðvum. Við hvetjum alla að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengni og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Ef notaðir eru hanskar þarf að skipta oft um þá og hreinsa hendur fyrir og eftir hanskanothkun.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Hugið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðahúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, lyklaborðum, tölvumúsum, greiðsluposum og ljósarofum.
- Ákjósanlegt er að einn starfsmaður noti eina starfsstöð heila vakt og hreinsi helstu snertifleti áður en annar tekur við starfsstöðinni.
- Sleppa handaböndum og faðmlögum og heilsa fremur með brosi.
- Minna gesti bókasafna á handhreinsun og gildandi reglur hverju sinni, s.s. fjöldatakmarkanir og nándarreglu með skiltum og merkingum við afgreiðsluborð og sjálfsafgreiðslustöðvar.

Mikilvægt er að aðgengi að handspritti fyrir starfsmenn og gesti sé gott meðan á heimsfaraldri stendur.

Á bókasöfnum er þar að auki æskilegt að huga að eftirfarandi **þegar samkomutakmarkanir gilda í samfélaginu**:

- Veiran lifir skemur á pappír en plasti.
- Bækur og plastaðar tímaritskápur er rétt að sóttgreinsa að utanverðu ef kostur er áður en gengið er frá þeim í hillur. Ekki þarf að hreinsa innri síður.
- Draga úr fjölda gesta í bókasafni hverju sinni, t.d. með því að hafa tímamörk á notkun tölva til almenningsnotkunar

- Ekki hafa í boði leikföng, dagblöð eða tímarit til að lesa á staðnum.
- Fjarlægja öll ílát með gjafavöru, sælgæti og mat, ekki bjóða upp á kaffi, loka setustofum o.s.frv.

Ítarlegar upplýsingar er að finna á www.covid.is .